

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 157157. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 27. janúar 2022**  
**og hófst hann kl. 09:30.**

**Fundinn sátu:**

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Hlín Krstmannsdótti og ~~Svanur Tómasson.~~

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

**1. Gamli Kaupstaður\_Nýtt deiliskipulag - 1905013**

Staða máls rædd

*Umhverfis- og skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að hafa samband við viðkomandi.*

*Í vinnslu*

**2. Brekkan Ólafsvík - Deiliskipulagsbreyting - 2102011**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Brekkuna í Ólafsvík var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga. Svör bárust frá sex umsagnaraðilum sem voru öll án athugasemda. Á auglýsingatíma bárust óskir og munnlegar athugasemdir frá þeim sem höfðu áhuga á þremur lóðum á svæðinu. Vegna þeirra ábendinga voru viðbyggingarreitir rýmkaðir eftir auglýsingu. Óskað er eftir því að skipulagið verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir að beina deiliskipulaginu til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með það í huga að senda það áfram til Skipulagsstofnunar til yfirferðar og í kjölfarið í auglýsingu hjá B-deild Stjórnartíðinda.*

*Samþykkt*

**3. Fellaslóð 1 - Ósk um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við þjónustuhús - 2201002**

Ómar Pétursson sækir fyrir hönd Birkisól ehf. um byggingarleyfi fyrir stækkun þjónustuhúss að Fellaslóð 1 eins og meðfylgjandi uppdættir sýna. Um er að ræða 7,1 fm viðbyggingu úr timbri sem hefur að geyma salerni og geymslu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en felur byggingarfulltrúa að ræða við eiganda um að uppfylla skilyrði fyrir fatlaða.*

*Samþykkt*

**4. Grundarbraut 8 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á útitröppum, inngangi og gluggum - 2201003**

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Pétur Kristjánsson sækir um leyfi til að endurnýja og breyta legu á útitröppum og bæta við inngangi. Vegna þess verður eldhúsgluggi á jarðhæð minnkaður og hurð úr klósetti á jarðhæð tekin af og gluggi settur í staðinn. Sjá meðfylgjandi uppdrátt.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 5. Smiðjugata 6 - Umsókn um leyfi fyrir varmadælu og skilti - 2201004

Davíð Magnússon sækir fyrir hönd Smiðjunnar Fönix ehf. um leyfi fyrir uppsetningu á varmadælu suðurhlíð hússins og 230x170 cm skilti á vesturgafli. Varmadælan er 1050x480x1020cm (BxDxH) og verður staðsett í 3 metra hæð frá jörðu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

## 6. Mýrarholt 3 - Ósk um leyfi fyrir niðurrifi - 2201005

Guðmundur Jón Valgeirsson óskar eftir leyfi til þess að rífa einbýlishús að Mýrarholti 3.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir niðurrif einbýlishúss með fyrirvara um samkomulag milli núverandi lóðarhafa, veðhafa og sveitarfélags. Nefndin bendir á að vinna þurfi málið hratt þar sem mikil hætta stafir af húsinu.*

*Samþykkt*

## 7. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2022 - 2201001

- Gámar í óleyfi ræddir. Byggingarfulltrúa falið að senda bréf á þá aðila sem málið snertir.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.**

# Undirritunarsíða

Halldór Kristinsson

Illugi Jens Jónasson

Magnús Eiríksson

Kristjana Hermannsdóttir

Svanur Tómasson

Ragnar Már Ragnarsson